

Skipulagsreglur fyrir Keflavíkurlflugvöll

Greinargerð og skilmálar

1. Greinargerð

Almennt

Samkvæmt 59. gr. loftferðalaga nr. 60 frá 1998 m.s.br. er samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra heimilt að setja skipulagsreglur fyrir flugvelli sem ætlaðir eru til almennrar notkunar. Slíkar skipulagsreglur skulu m.a. geyma fyrirmæli um:

- a) Skipulag innan flugvallarsvæðisins.
- b) Starfsheimildir og starfsemi þeirra aðila sem starfa innan flugvallarins og umferð innan svæðisins.
- c) Svæði utan flugvallar þar sem rétt er að setja takmörkun á hæð mannvirkja og annarra hluta, t.d. húsa, stanga og trjáa, eða takmörkun á meðferð fasteigna eða hlutar, enda séu slíkar kvaðir eða fyrirmæli nauðsynleg í þágu almenns öryggis.
- d) Svæði utan flugvallar þar sem rétt er að setja takmörkun á notkun sýnilegra leysigeisla eða sambærilegra ljósa, enda séu slíkar kvaðir eða fyrirmæli nauðsynleg í þágu almenns öryggis.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra hefur nú ákveðið að setja slíkar skipulagsreglur fyrir Keflavíkurlflugvöll.

Reglurnar samanstanda af greinargerð þessari og skilmálum og fjórum uppdráttum:

- I. Yfirlitsuppdráttur skilgreindra hindranasvæða mkv. 1:75.000/A1+ 1:150.000/A3+
- II. Yfirlitsuppdráttur skilgreindra hindranasvæða mkv. 1:35.000/A1+ 1:70.000/A3+
- III. Yfirlitsuppdráttur skilgreindra hindranasvæða mkv. 1:15.000/A1+ 1:30.000/A3+
- IV. Takmörkun á notkun sýnilegra leysigeisla mkv. 1:125.000/A1+ 1:250.000/A3+

Tilgangur og markmið

Tilgangur og markmið skipulagsreglnanna er einkum:

- að tryggja flugöryggi vallarins með því að binda í skipulag hæðartakmarkanir sem nauðsynlegar eru vegna öryggis flugvallarstarfseminnar.
- að einfalda umfjöllun og ákvarðanatöku um hæðir húsa innan og í nágrenni flugvallarins.
- að tryggja flugöryggi vallarins og flugumferðar með því að binda í skipulag takmarkanir á notkun leysigeisla.

Með reglunum er verið að festa í sessi skipulag hindranaflata vallarins og þar með takmarkanir á hæðum húsa, trjáa og annarra mannvirkja á tilteknum svæðum. eru hindranaflétir þessir byggðir á skilgreiningum alþjóðlegra skuldbindinga íslenska ríkisins sem innleiddar hafa verið í íslenskan rétt með lögum nr. 60/1998 um loftferðir og reglugerð 75/2016 um kröfur og stjórnsýslumeðferð er varða flugvelli samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008. Einnig er verið að festa í sessi eftir ákvæðum sömu skuldbindinga, laga og reglugerða, takmörkun á notkun leysigeisla innan tiltekinna svæða.



Málsmeðferð

Samkvæmt ákvæðum laganna ber að kynna uppkast að skipulagsreglum á hentugum stað og auglýsa kynninguna í Lögbirtingarblaðinu. Í slíkri auglýsingu skal skorað á fasteignareigendur og aðra hagsmunaaðila að gera athugasemdir við tillöguna innan frests sem ekki má vera skemmri en 4 vikur. Að liðnum fresti til að gera athugasemdir verða þær athugasemdir sem fram hafa komið teknar til ítarlegrar athugunar af hálfu Samgöngustofu að fenginni umsögn rekstraraðila flugvallarins um þær. Að loknum breytingum á reglunum í kjölfar athugasemda, verði uppkasti reglnanna breytt, skal gefa þeim sem í hlut eiga, færi á því að kynna sér breytingar áður en gengið er frá skipulaginu til fullnaðar. Gildistaka reglnanna skal auglýst í Lögbirtingarblaðinu.

Fara skal með breytingar á skipulagsreglum fyrir Keflavíkurflugvöll á sama hátt í samræmi við 66. gr. laga um loftferðir nr. 60 frá 1998.

Afmörkun svæðis sem reglurnar ná til

Svæðið sem skipulagsreglurnar taka til skiptist í meginatriðum í tvennt þ.e. svæðið sem Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar 2013-2030 tekur til og svæðið utan þess. Gerð er grein fyrir hindranaflötum á þremur uppdráttum I-III í mismunandi mælikvarða og svæði þar sem gilda takmarkanir á notkun leysigeisla á einum uppdrætti IV.

Skipulagsforsendur

Við gerð reglnanna hefur verið tekið mið af nýju Aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2013-2030.



2. Skilmálar

A. Starfsemi

Um starfsemi og landnotkun á flugvellinum fer eftir ákvæðum gildandi aðalskipulags og deiliskipulags vallarins sbr. ákvæði skipulagslaga nr. 123 frá 2010. Að svo stöddu eru engin sérákvæði sett um starfsemi eða landnotkun í reglum þessum.

Sækja skal um leyfi til byggingaryfirvalda fyrir breytingum á starfsemi í húsnæði á svæðinu sbr. ákvæði mannvirkjalaga nr. 60 frá 2010. Öll starfsemi skal jafnframt hafa tilskilin leyfi þar til bærri yfirvalda.

Um skipulag, starfsheimildir, starfsemi, svæðaskiptingu, aðgangsstýringu og umferð fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga, reglugerða og reglna sem settar eru á grundvelli þeirra og í gildi eru á hverjum tíma.

Þá skal rekstraraðili flugvallarins tryggja almenningssamgöngum greiðan aðgang að flugstöðinni, veita notendum þeirra skjól fyrir veðrum og greinargóðar leiðbeiningar um aðgengi að þeim. Leiðbeiningar sem veittar eru skulu fáanlegar á íslensku í samræmi við lög nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls. Ef leiðbeiningarnar eru á textaformi skal íslenska vera fyrsta mál og í stærstu leturgerð.

B. Svæði með takmörkunum vegna hindrana

Á uppráttum I til III er gerð grein fyrir hindranafötum flugvallarins, sem fela í sér hæðartakmarkanir á hverskonar mannvirkjum eða gróðri innan og í nágrenni við flugvallarsvæðið og á áhrifasvæði flugvallarins. Með áhrifasvæði flugvallar og nágrenni flugvallar er átt við svæði undir hindranafötum. Eru hindranafletir þessir og skilgreiningar þeirra í samræmi við lög um loftferðir nr. 60 frá 1998 og reglugerð nr. 75/2016 um kröfur og stjórnsýslumeðferð er varða flugvelli samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008.

Óheimilt er að reisa hvers konar mannvirki, tímabundið eða varanlega, upp fyrir hindranafleti flugvallarins sem gerð er grein fyrir á uppráttum, nema að fengnu samþykki Samgöngustofu að undangenginni umsögn rekstraraðila flugvallarins.

Erindum um undanþágur skal beina til Samgöngustofu sem leita skal umsagnar rekstraraðila flugvallarins. Leita skal slíks samþykkis við gerð deiliskipulags. Skal deiliskipulag þar sem gert er ráð fyrir slíkum frávikum sent Samgöngustofu til umsagnar áður en tillagan er auglýst. Sé um einstaka byggingarleyfisumsókn að ræða eða umsókn um framkvæmdaleyfi, á svæði þar sem ekki liggur fyrir deiliskipulag, skulu aðaluppdrættir eða önnur gögn, sé um að ræða framkvæmdaleyfi, sendir til umsagnar Samgöngustofu þegar byggingarleyfisumsókn hefur verið lögð inn til byggingarfulltrúa eða sótt um framkvæmdaleyfi. Samgöngustofa getur óskað eftir sérstöku áhættumati vegna slíkra undanþágubeiðna á kostnað umsækjanda.

Ef um tímabundna hindrun er að ræða, sem ekki varir lengur en í 4 vikur í heild, skal þrátt fyrir framangreint beina umsókn til rekstraraðila flugvallarins. Rekstraraðili flugvallarins vinnur umsögn um málið og sendir erindið til afgreiðslu Samgöngustofu sem samþykkir eða synjar slíkri beiðni. Samgöngustofa tilkynnir umsækjanda og rekstraraðila um afgreiðslu sína.



Samgöngustofa getur krafist þess að sett verði sérstök ljós eða lýsing á byggingar telji hún staðsetningu þeirra varða flugöryggi, jafnvel þó mannvirki nái ekki upp úr hindranafleti.

Skýringar:

Aðflugsfletir (Approach surfaces):

Hallandi fletir framan við flugbrautarþröskuld. Upphafsbreidd 280 m sem byrjar 60 m frá þröskuldi og gleikkar 15% (1:6,67) út til hliðar. Halli flatarins er 2% (1:50) fyrstu 3.000 m síðan 2,5% (1:40) næstu 3.600 m eða þar til hann sker lárétt plan í 150 m yfir landhæð þröskulds. Síðan kemur láréttur flötur sem nær að 15.000 m fjarlægð frá upphafi aðflugslata.

Flugtaksklifurfletir (Take-off climb surfaces):

Hallandi fletir út frá flugbrautarenda. Upphafsbreidd 180 m sem byrjar að lágmarki 60 m frá brautarenda eða við enda hindranalauss klifursvæðis og gleikkar 12,5% (1:8) út til hliðar þar til breidd hans er orðin 1.200 m. Þá eykst breiddin ekki frekar, en heildarlengd flatarins er 15.000 m. Halli flatarins er 2,0% (1:50).

Skáfletir (Transitional surfaces):

Liggja samsíða öryggissvæðum brauta og hluta hliða aðflugslata og ná upp að innri láréttum fleti. Halli skáflata er 14,3% (1:7) frá neðri brún þeirra og upp að innri lárétta fletinum.

Innri láréttur flötur (Inner horizontal surface):

Svæði 78,2 m y.s. sem nær í 4.000 m radíus út frá brautarendum og til hliðar við flugbrautir.

Keilufötur (Conical surface):

Hallandi flötur, 5% (1:20), upp frá útbrún innra lárétta flatarins og nær 100 m upp fyrir hann.

Ytri láréttur flötur (Outer horizontal surface):

Svæði 201,5 m y.s. sem nær frá útbrún keilufatar í 15.000 m radíus út frá brautarendum og til hliðar við flugbrautir.



C. Svæði með banni eða takmörkunum á notkun sýnilegra leysigeisla eða sambærilegra ljósa:

Til að vernda öryggi loftfars fyrir hættulegum áhrifum leysisenda eru skilmálar uppdráttar IV settir fram í samræmi við reglugerð nr. 75/2016 um kröfur og stjórnáætlunum er varða flugvelli samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 og reglugerð um innflutning og notkun leysa og leysibenda og IPL-tækja nr. 1339/2015 auk þess sem tekið er mið af af leiðbeiningum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar frá 2003 „Manual of Laser Emitters and Flight Safety (Doc 9815)“.

Svæði/loftrými án leysigeisla og sambærilegra ljósa (LFFZ):

Svæði/loftrými næst flugvellinum, upp í 600 m hæð, sem nær 3.700 m frá miðju flugbrauta og brautarendum, auk svæða í framhaldi af öllum flugbrautum sem eru í notkun, 5.600 m langt og 750 m breitt til hvorrar handar, frá miðlínu flugbrauta, eins og nánar er sýnt á uppdrætti.

Innan þessa svæðis er bannað að nota leysiljós eða sambærileg ljós sem geta valdið truflun á útsýni/sjónsviði flugmanna/flugstjórnenda. Ljósmagn slíkra ljósa innan svæðisins má ekki vera hærra en 50 nW/cm² nema gerðar séu sérstakar ráðstafanir til að tryggja að ljósið trufla ekki flugumferð.

Samgöngustofa, að höfðu samráði við rekstraraðila flugvallarins og Geislavarnir ríkisins er þrátt fyrir framangreint heimilt að veita undanþágu frá framangreindu á þeim hluta svæðisins sem er í framhaldi af flugbrautunum, undir aðflugsgæira (þ.e. innan svæðisins sem er 5.600 m í framhaldi af flugbrautunum).

Aðili sem hyggur á notkun leysigeisla eða sambærilegra ljósa, innan svæðis sem skilgreint er sem svæði/loftrými án leysigeisla og sambærilegra ljósa (LFFZ) eða svæði sem skilgreint er sem svæði/loftrými sem viðkvæmt er fyrir notkun leysigeisla eða sambærilegra ljósa (LCFZ), skal sækja um leyfi til Samgöngustofu sem leita skal umsagnar rekstraraðila flugvallarins og Geislavarna Ríkisins.

Ef um tímabundna notkun er að ræða, sem ekki varir lengur en í 4 vikur í heild, skal þrátt fyrir framangreint beina umsókn til rekstraraðila flugvallarins. Rekstraraðili flugvallarins aflar umsagnar Geislavarna ríkisins og vinnur umsögn um málið og sendir erindið til afgreiðslu

Samgöngustofa tilkynnir umsækjanda og rekstraraðila um afgreiðslu sína.

Svæði/loftrými sem viðkvæmt er fyrir notkun leysigeisla eða sambærilegra ljósa (LCFZ):

Svæði/loftrými sem nær í 18.500 m radíus frá viðmiðunarpunkti flugvallarins (ARP) og upp í allt að 3.000 m hæð, eins og nánar er sýnt á uppdrætti. Innan þessa svæðis má ljósmagn leysigeisla eða sambærilegra ljósa ekki vera hærra en 5 µW/cm² nema gerðar séu ráðstafanir til að tryggja að ljósið trufla ekki flugumferð.

Svæði/loftrými ólíklegra leysigeisla eða sambærilegra ljósa (LSFZ):

Svæði/loftrými sem nær í 25.000 m radíus frá viðmiðunarpunkti flugvallarins (ARP) og upp í allt að 10.500 m hæð, eins og nánar er sýnt á uppdrætti. Innan þessa svæðis má ljósmagn leysigeisla eða sambærilegra ljósa ekki vera hærra en 100 µW/cm² nema gerðar séu ráðstafanir til að tryggja að ljósið trufla ekki flugumferð.



Auk framangreindra takmarkana er ávallt bannað að beina leysigeisla eða sambærilegu ljósi í átt að loftfari innan framangreindra svæða.

Skýringar:

ARP: Aerodrome reference point
Viðmiðunarpunktur flugvallar

AGL: Aerodrome ground level
Viðmiðunarhæðarkóti flugvallar

LFFZ: Laser-beam free flight zone
Svæði/loftrými án leysigeisla og sambærilegra ljósa

LCFZ: Laser-beam critical flight zone
Svæði/loftrými sem viðkvæmt er fyrir notkun leysigeisla eða sambærilegra ljósa

LSFZ: Laser-beam sensitive flight zone
Svæði/loftrými ólíklegra leysigeisla eða sambærilegra ljósa.

Reglur þessar voru auglýstar til kynningar og samhliða athugasemdafresti frá

_____ 2019 til _____ 2019.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra samþykkti reglur þessar með undirskrift sinni þann

_____ 2019.

Auglýsing um gildistöku reglna þessara birtist í Lögbirtingablaðinu þann

_____ 2019 og öðluðust þær gildi þann dag.

